

Tilmæli 17/2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1781/hállbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um loftslagsvænan byggingariðnað á Norðurlöndum (A 1781/hállbart)

Loftslagsvænn byggingariðnaður á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn fimmtudagur, 31. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að þróa sameiginlegt kerfi fyrir stafræna væðingu gagna í því skyni að bæta kortlagningu á og eftirfylgni vegna úrgangs sem til fellur við byggingu og niðurrif mannvirkja á Norðurlöndum

að þróa hvata til að umbuna byggingaraðilum fyrir auðlindanýtni við nýbyggingu og endurbyggingu mannvirkja, auk þess að efla sjálfbæra notkun á viði sem byggingarefni og umbuna byggingaraðilum í auknum mæli fyrir sjálfseftirlit með losun koltvísýrings;

að dýpka norrænt samstarf á sviði sjálfbærrar hönnunar og byggingarvinnu með það að markmiði að auka veg bygginga með lága orkuþörf og bestu starfshátta fyrir auðlindanýtni í geiranum og auka þannig samkeppnishæfni í byggingariðnaði landanna. Í þessu sambandi ætti einnig að taka tillit til sérstakra aðstæðna á norðurskautssvæðinu

að efna til ráðstefnu með þátttöku Norrænu ráðherranefndarinnar/ríkisstjórnanna, aðila í byggingariðnaði og fulltrúum stéttarfélaganna til að greiða fyrir gagnkvæmum skilningi allra hlutaðeigandi aðila og auka getu þeirra til að skiptast á upplýsingum.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2019

Hans Wallmark

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs